

Grunnskóli Seltjarnarness - Valhúsaskóli

Lýsing á námsvali

skólaárið 2023-2024



Valgreinar í 8., 9. og 10. bekk 2023-2024

Valgreinar á unglíngastigi eru hluti af skyldunámi nemenda. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda er fyrst og fremst sá að gera hverjum og einum kleift að skipuleggja nám sitt út frá áhugasviði og framtíðaráformum. Því er mikilvægt að nemendur lesi þetta hefti vandlega með foreldrum/forráðamönnum og/eða kennara og námsráðgjafa og velji þær greinar sem þeir telja henta sér.

Val innan skóla

Hér er að finna upplýsingar um valgreinar sem verða í boði fyrir nemendur í 8. – 10. bekk í Grunnskóla Seltjarnarness skólaárið 2023-2024. Gerðar hafa verið breytingar á fyrirkomulagi námsvalsins og er námsvalið mismunandi eftir árgöngum.

8. bekkur: Helsta breytingin á námsvalinu í 8. bekk er sú að list- og verkgreinar verða ekki lengur kenndar sem valgreinar heldur verða þær kenndar sem hluti af kjarnagreinum nemenda. Nemendur í 8. bekk þurfa því einungis að velja tvær valgreinar, eina fyrir hvora önn.

9. bekkur: Nemendur í 9. bekk þurfa að velja sér a.m.k. eina listgrein og eina verkgrein. Þess utan eiga nemendur að velja sér sex valgreinar í frjálsum vali, sem kenndar verða annars vegar á haustönn og hins vegar á vorönn. Nemendum heimilt að velja sér eins margar list- og verkgreinar og þeir vilja innan rammans sem gefinn er upp hér að ofan.

10. bekkur: Nemendur í 10. bekk þurfa að velja sér sex valgreinar sem kenndar verða annars vegar á haustönn og hins vegar á vorönn.

Þess skal getið að við útskrift nemenda úr grunnskóla er þess krafist að nemendur séu metnir bæði í list- og verkgreinum og þess vegna er gott að nemendur geri sér grein fyrir því að einkunnir sem nemendur fá í list- og verkgreinum í 8. og 9. bekk munu fylgja þeim þegar þeir útskrifast úr grunnskóla.

Val utan skóla

Sérstaklega skal á það bent að nemendur í 9. og 10. bekk geta fengið íþróttaiðkun, nám við tónlistarskóla, myndlistarskóla, málaskóla, ballettskóla o.fl. metið í stað einnar eða tveggja valgreina á hvorri önn.

Það er mjög mikilvægt að nemendur geri það upp við sig hvort þeir ætla að nýta sér nám utan skóla í stað einnar eða tveggja valgreina áður en skóla lýkur í vor. Það er ekki sjálfgefið að nemendur fái að hætta í valgreinum til að stunda nám utan skóla þegar næsta skólaár er byrjað.

Fjöldi val tíma

Athugið að meðal kennslustundafjöldi nemenda á að vera 37 vikustundir á ári í 8.-10. bekk. Kjarnagreinar í 9. og 10. bekk verða 28 kennslustundir á viku en skólinn hefur hins vegar valið að verja tveimur kennslustundum á viku í yndislestur eins og undanfarin ár þannig að í raun færist þá fjöldi kennslustunda í kjarnagreinum upp í 30 kennslustundir. Í 8. bekk verða kjarnagreinar auk yndislesturs 36 kennslustundir. Valmöguleikar eru því eftirfarandi í einstökum árgöngum:

- 7. bekkingar velja fyrir næsta skólaár: Tvær valgreinar. Nemendur sem velja stærðfræði, stíl eða félagsmálafræði eru hins vegar að velja fyrir allan veturinn og velja því einungis eina valgrein.
- 8. bekkingar velja fyrir næsta skólaár: Eina listgrein og eina verkgrein. Auk þess velja þeir sex námsgreinar í frjálsu vali sem einnig mega vera list- og verkgreinar. Nemendur sem velja stærðfræði, stíl, frönsku eða félagsmálafræði eru hins vegar að velja þessar greinar fyrir báðar annirnar og telja hverja þessara greina því sem tvær valgreinar.
- 9. bekkingar velja fyrir næsta skólaár: Sex valgreinar. Nemendur sem velja stærðfræði, stíl eða félagsmálafræði eru hins vegar að velja þessar greinar fyrir báðar annirnar og telja hverja þessara greina því sem tvær valgreinar.

-

Bindandi val

Þá skal tekið fram að val nemenda er bindandi og felur í sér yfirlýsingu nemanda um að hann muni leggja sig fram um að standast þær kröfur sem gerðar eru í hverri grein fyrir sig.

Það er því mjög mikilvægt að nemendur vandi valið og íhugi gaumgæfilega hvaða valgreinar henta þeim best.

Efnisyfirlit	
Listgreinar	5
Endurnýting/hönnun – 08, 09 og 10	5
Innanhússhönnun 08, 09 og 10 (Fyrir þá sem ekki hafa valið innanhússhönnun áður)	5
Leiklist 08, 09 og 10	5
Leirmótun 09. og 10.	6
Listin að halda ræðu 08, 09, 10	6
Málun og blönduð tækni 08., 09. og 10.	6
Nútímadans og danssmíði 08, 09 og 10	7
Stíll 08, 09 og 10	7
Teikning og skúlptúr 09 og 10	8
Teikning og þrykk 09 og 10	8
Verkgreinar	8
Bakstur 08, 09 og 10 (Fyrir þá sem ekki hafa valið bakstur áður)	8
Heimilisfræði 09 og 10	9
Matur og menning framandi landa 09 og 10	9
Málmsmíði 09 og 10	9
Saumar og hönnun 09 og 10	10
Skartgripagerð 08, 09 og 10	10
Smíði 09 og 10	10
Frjálst val	11
Badminton 08, 09 og 10	11
Félagsmálafræði 08, 09 og 10	11
Fjármál fyrir lífið 09 og 10	12
Förðun 08, 09 og 10	12
Ganga og útivist 08,09 og 10	12
Golfval 08, 09 og 10	13
Grunnur að forritun 08, 09 og 10	13

Handboltaval 08, 09 og 10.....	13
Heimanám 08, 09 og 10.....	14
Íslenska- Upprifjun og aðstoð við heimanám 08, 09 og 10.....	14
Íþróttaval – heilsurækt 08, 09 og 10	14
Íþróttir – valdar greinar 08, 09 og 10	15
Knattspyrnuval 08, 09 og 10	15
Kynfræðsla 08, 09 og 10	15
Náms- og starfsfræðsla 10.....	15
Stærðfræði - Grunnur/aðstoð við heimanám 08, 09 og 10	16
Stærðfræði – Framhald I 08, 09 og 10.....	16
Stærðfræði- Framhald II 09 og 10	17
Vísindavaka, verklegar æfingar (tilraunir) 09 og 10	17
Yoga og slökun 08, 09 og 10	18
Nám utan skóla 08, 09 og 10	18
VARAÓSKIR	18

Listgreinar

Endurnýting/hönnun – 08, 09 og 10

Námslýsing: Nemendur fræðast um neyslu og sóun í tengslum við loftslagsvandann. Fjallað verður um auðlindir, efnissóun, úrgangsmál og hringlaga nýtingu efnis. Öll verkefni eru unnin úr efni sem annars hefði verið hent. Nemendur hvattir til lausnaleitar og að prófa sig áfram með tilraunum. Hugmyndaflug, frumkvæði og sjálfstæði fá að njóta sín við að finna því sem venjulega er hent ný hlutverk. Pappír, plast, textíll, postulín, keramik, o.fl. Verður að einhverju nýju. Ef til vill farið í vettvangsheimsóknir þar sem endurnýting er höfð að leiðarljósi. Einstaklings- og hópavinna.

Námsmat: Verkin, hugmyndavinnan og ferlið við úrlausn verkefna er metið.

Kennslugögn: Ýmsar heimasíður tengdar efninu. Nemendur safna og koma með efnivið að heiman eftir þörfum. Kennslustundafjöldi: 2kest/v í eina önn

Kennari: Ásta Vilhjálmsdóttir

Innanhússhönnun 08, 09 og 10 (Fyrir þá sem ekki hafa valið innanhússhönnun áður)

Námslýsing: Farið verður yfir helstu stíla í innanhússhönnun, skoðaðar mismunandi tegundir efna, áferð, litir, litasamsetningar og lýsing. Nemendur vinna verkefni um þekktan hönnuð og hönnunarhlut og læra að búa til mood board (Canva). Kynnt verða forrit sem notuð eru við innanhússhönnun og nemendur teikna upp íbúð í einföldu teikniforriti (Planner 5D). Við fáum heimsókn frá innanhússhönnuði eða innanhússarkitekt og förum í vettvangsferð ef kostur er á því.

Verkefni: Mood board verkefni tengt stílum, verkefni um hönnunarhlut, verkefni þar sem nemendur hanna þriggja herbergja íbúð, innrétta hana og velja liti á vegg, gólefni, innréttingar, húsgögn og skrautmuni.

Námsmat: Áfanginn verður próflaus en verkefni verða metin til einkunna sem og þátttaka, virkni og vinnusemi. Nemendur kynna verkefni sín í lok áfanga.

Kennslugögn: Lesefni og verkefni frá kennara.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Kennari: Laufey Alda Sigvaldadóttir

Leiklist 08, 09 og 10

Námslýsing: Í leiklist þjálfast nemendur í aðferðum listgreinarinnar og dýpka skilning sinn á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Nemendur fá tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Nemendur vinna saman ýmis verkefni, eins og að semja leikrit, þar sem hugmyndaflug, sköpunargáfa og samsköpun fær að njóta sín.

Nemendur eru hvattir til að stíga út fyrir þægindarammann sinn sem og að vera opinn fyrir hugmyndum annarra og finna málamiðlanir.

Námsmat: Símat – lagt mat á samvinnuhæfni og vinnusemi og framkomu.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Kennari: Rósa Björk Helgu Ásmundsdóttir

Leirmótun 09. og 10.

Námslýsing: Nemendur læra að tileinka sér nokkrar aðferðir leirmótunar t.d. fingraaðferð, plötuaðferð og pylsuaðferð. Unnið með margvísleg form, bæði geometrísk og lífræn og formskyn nemandans þjálfað. Listamenn verða kynntir sem unnið hafa með leir í verkum sínum. Ef kostur er á verður farið í vettvangsferð á vinnustofu listamanns eða sýningu. Lögð er áhersla á hugmynda- og skissuvinnu, verkþjálfun og mótun. Við lok námskeiðs velja nemendur tvö verk sem þeir hafa gert og kynna fyrir samnemendum sínum. Verkefni miðast við aldur, þroska og getu hvers og eins.

Kennslugögn: Jarðleir, gífsform og glerungar, leirverk (bækur, netið).

Námsmat: Verkin verða metin til einkunna sem og virkni nemenda, hugmyndavinnan og ferlið við úrlausn verkefnanna.

Kennslustundafjöldi: 2kestr/v í eina önn

Kennari: Kristín Vilborg Sigurðardóttir

Listin að halda ræðu 08, 09, 10

Námslýsing: Æfingin skapar meistarann og það á einnig við um listina að halda ræðu. Á námskeiðinu er búin til góð og traust stemning til að efla sjálfstraus og öryggi við framsögu. Í þessu umhverfi fá nemendur ábendingar um og æfingu í góðri líkamstjáningu, raddbeitingu og streitustjórnun sem auðveldar framsögu en umfram allt fá nemendur mörg og góð tækifæri til að æfa sig í að flytja ræður og kynningar. Námskeiðið byggir á uppbyggjandi endurgjöf í



vinsamlegu lærdómsumhverfi um hvernig má gera gott ennþá betra. Gróflega má skipta æfingum námskeiðsins í fjóra þætti: kynning á sjálfum sér, tækifærisræður, ræðukeppnir og áhrifamiklar skólakynningar.

Kennslugögn: Ípad eða sambærilegt tæki til að taka upp þegar við á. Ath. að upptökur eru einkamál hvers og eins og verður þeim ekki dreift á milli, heldur eingöngu notaðar af kennara og viðkomandi nemanda til skoðunar.

Verkefni: Kynningar og umræður. Horft er á myndbönd er

tengjast ræðumennsku.

Námsmat: Leiðsagnarmat og sjálfsmat nemandans sem eykur hæfni hans til að leggja mat á eigin frammistöðu.

Kennslustundafjöldi: 2 kestr/v í eina önn

Kennari: Halldóra Guðmarsdóttir, markþjálfari og kennari.

Málun og blönduð tækni 08., 09. og 10.

Námslýsing: Nemendur vinna með ýmsar ólíkar aðferðir í teikningu og málun og gera tilraunir með blandaða tækni. Verkefni munu byggja á grundvallaratriðum sjónlista; formi, lit, áferð, ljósi og skugga. Nemendum verður gefinn tími til tilrauna og reynt að virkja sköpunargleði þeirra. Jafnframt er listasagan skoðuð til að auka skilning á þróun myndlistar og til innblásturs.

Nemendur velja sér tímabil í listasögunni sem þeir kynna sér betur og kynna fyrir samnemendum sínum (hópaverkefni). Ef kostur er á verður farið í vettvangsferð á vinnustofu listamanns eða sýningu.

Kennslugögn: Ýmiss konar pappír, strigi, blýantar, málning, túss og blek.

Námsmat: Verkin verða metin til einkunna sem og virkni nemenda, hugmyndavinnan og ferlið við úrlausn verkefnanna.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v í eina önn

Kennari: Kristín Vilborg Sigurðardóttir

Nútímadans og danssmíði 08, 09 og 10

Námslýsing: Nemendur fá tækifæri til að kynna grundvallaratriðum í nútímalistdansi, spunavinnu og fjölbreyttum leiðum og aðferðum í danssmíði. Einnig sjá þeir videóbrot ólíkra dansverka og danshöfunda sem innblástur og sjá hvernig nútímalistdans getur birst á ólíkan hátt.



Áherslan er lögð á að opna hugann fyrir sköpun, að uppgötva nýjar hreyfingar, þjálf samvinnu og samskipti sem byggjast á virðingu.

Stuðst er við kennslufræði Anne Green Gilbert. Í útfærslu Gilbert notar hún hugmyndafræði Rudolf von Laban sem innblástur við gerð dansþema sem skiptast niður í fjóra flokka, rými, tíma, afl og líkama, sem kennslutíminn er byggður á. Kennslustundinni er svo skipt upp í fimm hluta; upphitun, könnun á þema, tækni, sköpun og lok.

Kennslugögn: m.a. myndbönd, ljósmyndir, blöð og skriffæri.

Hæfniviðmið: Við lok áfangans skilur nemandinn og getur útskýrt þau dansþemu sem tekin voru fyrir og getur skapað eigið dansverk í samstarfi við aðra í hópnum. Nemandinn getur unnið sjálfstætt, með öðrum og í hóp. Nemandinn hefur öðlast færni til að geta tekið þátt í samræðum og tjáð sig út frá persónulegri upplifun. Nemandinn getur tengt saman mismunandi tegundir hreyfinga.

Námsmat: Kennaramat og sjálfsmat.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v í eina önn.

Kennari: Guðrún Óskarsdóttir

Stíll 08, 09 og 10

Námslýsing: Stíll er árleg hönnunarkeppni á milli félagsmiðstöðva þar sem keppt er í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun út frá ákveðnu þema sem er ákveðið af ungmennaráði Samfés. Keppnin hefur oftast farið fram um miðjan febrúar ár hvert.

Markmið Stíls er að hvetja unglinga til listsköpunar og um leið gefa þeim aukin tækifæri til frumlegrar hugsunar og virkja sköpunarhæfileikana. Keppnin vekur jákvæða athygli á því hvað unglingar eru að gera á sviði sköpunar, gefur þeim kost á að koma hugmyndum sínum á framfæri og sýna afrakstur margra mánaða undirbúningsvinnu. Margir grunnskólar bjóða upp á valáfangann Stíl fyrir nemendur sína þar sem þeim býðst að vinna saman að hönnun sinni á skólatíma í samstarfi við félagsmiðstöð í heimabyggð.

Fyrirkomulag keppinnar er með þeim hætti að 2-4 unglingar skipa hvern hóp.

Námsmat: Kennaramat og sjálfsmat.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v allan veturinn. Kennslustundir munu verða fleiri en settar verða í töflu en þess í stað mun kennslu ljúka í mars.

Kennarar: Þeir kennarar sem koma að valinu eru starfsmaður úr Selinu, textílkennari og förðunarkennari.

Kennt verður einu sinni í viku, 80 mín. í senn og/eða eftir þörfum fram að keppni.

Teikning og skúlpúr 09 og 10

Námslýsing: Nemendur vinna fyrst einföld hlutateikninga- og fjarviddarverkefni en fá svo að kynnst þrívíðri formfræði og er unnið með hugtök eins og rými, tví- og þrívídd, skugga, myndbyggingu o.fl. sem tengjast skúlpúrum og þrívíðum verkum. Nemendur fá innsýn í hvernig koma megi tvívíðum skissum á þrívítt form í formi skúlpúra. Við gerð skúlpúranna eru hlutir endurnýttir á ýmsan hátt og munum við einnig notast við leir og gifs. Listasagan verður skoðuð meðfram verkefnavinnu og munu nemendur velja sér einn listamann sem þeir kynna fyrir samnemendum sínum.

Kennslugögn: Ýmiss konar pappír, blýantar, litir, leir, gifs og ýmsir endurnýttir hlutir.

Námsmat: Verkin verða metin til einkunna sem og virkni nemenda, hugmyndavinnan og ferlið við úrlausn verkefnanna.

Kennslustundafjöldi: 2kest/v í eina önn

Kennari: Kristín Vilborg Sigurðardóttir

Teikning og þrykk 09 og 10

Námslýsing: Nemendur læra undirstöðuatriði hlutateikningar þar sem áhersla er á formskynjun, myndbyggingu og skyggingu. Einnig munu nemendur kynnst nokkrum ólíkum grafík aðferðum eins og límptrykki, einþrykki og dúkristu.

Listasagan verður skoðuð meðfram verkefnavinnunni til að auka skilning á þróun myndlistar og til innblásturs. Nemendur mun svo velja einn listamann til að kynna fyrir samnemendum sínum. Verkefni miðast við aldur, þroska og getu hvers og eins.

Kennslugögn: Ýmiss konar pappír, blýantar, trélitir, málning, túss og blek.

Námsmat: Verkin verða metin til einkunna sem og virkni nemenda, hugmyndavinnan og ferlið við úrlausn verkefnanna.

Kennslustundafjöldi: 2kest/v í eina önn

Kennari: Kristín Vilborg Sigurðardóttir

Verkgreinar

Bakstur 08, 09 og 10 (Fyrir þá sem ekki hafa valið bakstur áður)

Námslýsing: Megináhersla er lögð á mismunandi bakstursaðferðir, s.s. ger- og lyftiduftsbakstur þar sem bakaðar verða bollur og múffur, sætabrauð úr þeyttu, hrærðu og hnoðuðu deigi og hrákökur. Kennt er að veга og mæla og nemendur eiga að geta breytt g í dl og öfugt. Nemendur vinna sjálfstætt eftir uppskriftum. Áhersla er lögð á hreinlæti, góða umgengni í verki og góðan frágang.

Námsmat: Námsmat byggir á símati sem gert er í lok hverrar kennslustundar

Kennslugögn: Gott og gagnlegt útg. Námsgagnastofnun, ýmsar bækur og blöð um bakstur.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v í eina önn

Kennari: Bjargey

Heimilisfræði 09 og 10

Námslýsing: Farið verður í helstu baksturs- og matreiðsluaðferðir með það að leiðarljósi að matreiða fjölbreyttan, girnilegan og góðan hversdagsmat samkvæmt manneldismarkmiðum. Næringu, hollustu og hreinlæti ásamt neytenda- og umhverfisfræði er fléttað inn í námið.

Áhersla er lögð á hreinlæti, góða umgengni í verki og góðan frágang.

Námsmat: Námsmat byggir á símati sem gert er í lok hverrar kennslustundar.

Kennslugögn: Gott og gagnlegt, útg. Námsgagnastofnun, Eldað í dagsins önn, höf. Sigrún V. Stefánsdóttir, uppskriftir úr ýmsum blöðum og bókum.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v í eina önn

Kennari: Bjargey

Matur og menning framandi landa 09 og 10

Námslýsing: Að nemendur læri að elda, baka og meðhöndla mat eftir hinum ýmsu aðferðum og hefðum framandi landa s.s. Ítalíu, Mexíkó, Bandaríkjana, Evrópu, Tælands og/eða Kína.

Hér er um framhaldsnámskeið að ræða fyrir þá nemendur sem áður hafa valið bakstur og/eða heimilisfræði og því er gert ráð fyrir að nemendur séu vel kunnugir eldhúsi og umgengni við öll þau tól og tæki sem notuð eru. Meginmarkmið námsins eru:

Að nemendur kynnist matargerð og menningu framandi landa

Að nemendur læri að elda, baka og meðhöndla mat eftir hinum ýmsu aðferðum og hefðum framandi landa

Að nemendur læri að meta og virða menningu og hefðir í matargerð annarra landa.

Boðið verður til veislu í lok hverrar annar.

Námsmat: Símat. Nemendur og kennari vinna saman að mati í lok hvers þema.

Kennslustundir: 2 kest/v í eina önn

Kennari: Bjargey



Málmsmíði 09 og 10

Námslýsing: Nemendur kynnst vinnu með tinmálma og gera úr þeim nytjahluti og skartgripir sem þeir hanna og útfæra sjálfir. Byrjað verður á því að hanna nytjahlut þar sem nemendur læra að saga út málmgöngu og móta. Þegar líður á önnina færum við okkur yfir í skartgripir og gerum meðal annars hring, hálsmen og aðra hluti og lærum að kveikja þá málma saman. Unnið er með ýmis handverkfæri, sagir þjalir hamra og annað sem notað er við málmsmíði.

Námsmat: Nemendur eiga að geta beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar, sýnt vönduð vinnubrögð og frumkvæði í sköpun sinni og unnið eftir vinnuferli frá sköpun til afurðar. Nemendur eiga jafnframt að geta unnið sjálfstætt og tjáð sig um verkefni sín og notað hugtök sem tengjast viðfangsefninu.

Kennslugögn: Sýnikennsla, teikningar, bækur, ýmis verkefni á vefnum og sýnimyndbönd.

Kennslustundir: 2 kest/v í eina önn

Kennari: Ásta Sigvaldadóttir.

Saumar og hönnun 09 og 10

Námslýsing: Nemendur vinna að eigin hugmyndum til útfærslu í fatasaum, þrjóni og fleiri aðferðum textílsins. Unnið með tilbúin snið þar sem nemendur aðlaga sniðin að eigin hugmyndum. Auk þess vinna nemendur með grunnsnið og þeim kennt að framkvæma einfaldar



sniðútfærslur. Áhersla er lögð á notkun skissubókar og að nemendur komi hugmyndum sínum til skila í skissuvinnu. Einnig að þeir læri að fylgja verki sínu frá hugmynd að fullunnu verki og temji sér vönduð vinnubrögð. Nemendur hafa að mestu leyti frjálstar hendur með verkefnaval, sem miðast við getu hvers og eins. Verkefni sem tengjast endurvinnslu og endurhönnun eru unnin og nemendur eru hvattir til að breyta, bæta og endurhanna fatnað sem þeir eru hættir að nota. Ýmsar aðferðir eru notaðar s.s. vélsaumur, útsaumur, þrykk og þrjón. Farið verður í vettvangsferðir ef tími gefst til, í efnaverslanir og á fata- og hönnunarsýningar eftir framboði.

Námsmat: Námsmat er byggt á eftirfarandi þáttum: Útfærslu hugmynda, vinnubrögðum, vandvirkni, frumkvæði, framförum og fullunnum verkefnum.

Námsögn: Sniðablöð, snið og verklýsingar frá kennara ásamt handbókum á bókasafni og í kennslustofu.

Kennslustundafjöldi: 2 kest. í viku, eina önn.

Kennari: Ásta Vilhjálmsdóttir

Skartgripagerð 08, 09 og 10

Námslýsing: Farið verður yfir helstu atriði í skartgriðagerð eins og samsetningu á perlum. Unnið verður með tré-, gler-, plast-, leir- og steinkúlur. Nemendum gefst kostur á að búa til perlur og fullunnin hlutur búinn til úr þeim. Einnig verður gert armband úr áli, hringur úr plasti. Nemendur hafa frjálst val um hönnun og útfærslu skartgripanna. Einnig verður farið í það að endurnýta hluti sem og að nýta annan efnivið í skartgripagerðina. Notast verður við ýmis handáhöld.

Í skartgripavali er miðað að því að efla verkvit, þekkingu á efnum og færni í notkun handverkfæra. Nemendur læri að meta hvenær frágangur telst vandaður. Það er einnig markmið að efla skilning nemenda á mismunandi efnivið.

Smíðaeefni: tré, plast, leir, gler, steinn, vír, borðar, girni og teygjur, pappír og lím, Málning verður einnig notuð.

Kennslugögn: teikningar, bækur og ýmislegt efni á vefnum.

Kennslustundafjöldi: 2 kest./v. í eina önn

Kennari: Ásta Sigvaldadóttir.

Smíði 09 og 10

Námslýsing: Valgreinin hönnun og smíði byggist m.a. á þeim grunni sem nemendur hafa öðlast við lok 8. bekkjar. Þessi valáfangi er hugsaður sem vettvangur fyrir nemendur með áhuga á verkgreinum, einkum þó hönnun og smíði hluta úr viði.

Kynntir verða möguleikar í smíðum og hönnun og farið inn í ferli hönnunar, frá hugmynd, teikningu og smíði hlutar.

Verkefni sem unnin eru í smíðavali eru efnismeiri og meira krefjandi en nemendur eiga að venjast fram að þessu. Farið er nánar í ýmsa þætti handverks, notkun algengra handverkfæra og einnig lestur smíðateikninga og eins málsetningu hluta sem á að smíða.

Lögð verður áhersla á skapandi þætti hönnunar og smíði, notkun fjölbreytts efniviðar s.s. ýmiss konar viðartegunda og möguleikar efnisins skoðaðir. Hver nemandi fær tækifæri til að vinna að eigin hugmyndum og útfæra þær. Nemendur geta unnið hugmyndir sínar í skissubók en leitast er eftir því leyfa hugmyndum að þróast og að hugmyndaferlið sé skoðað og endurskoðað og breytt ef þarf. Einnig er gert ráð fyrir að nemandi smíði hlut eftir nákvæmri smíðateikningu sem hann teiknar upp sjálfur. Nýsköpun getur verið eitt af þeim verkefnum sem nemendur hafa kost á að vinna að og koma hugmyndum sínum í framkvæmd sem raunverulegum hlut eða líkani.

Kennd er meðferð og notkun algengra smíðaverkfæra, bæði handverkfæra og rafknúinna verkfæra. Tífsagir, slípivélar, rennibekkir og bandsög eru notaðar sem fyrr en stærstu trésmíðavélar skólans munu nemendur ekki nota. Ef þörf krefur verður unnið með rafmagn og tengingar einfaldra rafmagnshluta í nýsköpunarverkefnum.

Verkefnavinna og skil: Gert er ráð fyrir að nemendur skili a.m.k. einum fullunnum hlut í lok annar.

Námsmat: Við mat á vinnu nemenda er höfð hliðsjón af útfærslu á hugmyndum, vinnubrögðum og vinnusemi, framförum, frumkvæði og endanlegu verki.

Kennslugögn: Teikningar, verkefni úr ýmsum bókum og af vef.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v í eina önn

Kennari: Ásta Sigvaldadóttir

Frjálst val

Badminton 08, 09 og 10

Námslýsing: Byggt er ofan á þann grunn sem nemendur hafa fengið í badmintoni í



skólaíþróttum. Áhersla er lögð á að auka færni nemenda í grunnsögum s.s. forhönd, bakhönd, uppgjöfum, smassi o.s.frv. Nemendur læra reglur bæði í einliða- og tvíliðaleik. Áhersla er lögð á hreyfingar á vellinum, árangursríkar staðsetningar bæði í sókn og vörn.

Námsmat: Áfanginn er próflaus. Námsmat er byggt á virkni nemenda í kennslustundum, ástundun og færni.

Kennslugögn: Íþróttafatnaður

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Kennari: ??

Félagsmálafræði 08, 09 og 10

Námslýsing: Félagsmálafræðin sér um skipulag og framkvæmd á öllu félagslífi Valhúsaskóla og mælum við með því að allir, sem hugsa sér að bjóða sig fram í nemendaráð Valhúsaskóla, séu skráðir í félagsmálafræði. Í félagsmálafræðinni eru böll og aðrir viðburðir skipulagðir ásamt því sem nemendur í félagsmálafræði hjálpa til á viðburðum með því að skreyta og aðstoða í sjoppu og miðasölu. Í áfanganum er farið yfir undirstöðuatriði í markaðssetningu, viðburðarstjórn, verkefnastjórn, stefnumótun auk þess sem unnið er að því að styrkja sjálfmynd nemenda, samskipti og framkomu. Áfanginn er kenndur af starfsmanni Selsins.

Námsmat: Námsgreinin er metin til einkunnar. Einkunnagjöf byggir á mætingu í tíma, virkni í tímum, mætingu í félagsmiðstöðina og virkni/ábyrgð á viðburðum sem hópurinn stendur fyrir.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v allan veturinn

Kennarar: starfsmenn Selsins (með fyrirvara vegna hugsanlega breytts skipulags næsta vetur)

Fjármál fyrir lífið 09 og 10

Námslýsing: Á námskeiðinu er tekist á við hugtök og hagnýt verkefni sem tengjast eigin fjármálum þar með talið innkomu, sköttum, sparnaði og neyslu. Markmið námskeiðsins er að efla fjármálalæsi sem gagnast nemendum við ákvarðanir í eigin lífi. Megin viðfangsefni námskeiðsins eru uppruni verðmæta, ráðstöfun þeirra, sparnaður, lán, vextir, launaseðlar, restur heimilisins og skattar. Námsfyrirkomulagið er í formi umræðna, fyrirlestra, hagnýtra verkefna og upplýsingaleitar.

Kennslugögn: Kennslubókin *Fyrstu skref í fjármálum* eftir Gunnar Baldursson (2022) eða sambærilegt efni, lpadar og fartölvur. Kennt verður á töflureini í Google umhverfinu.

Námsmat: Námskeiðið er próflaust þar sem námsmat byggir fyrst og fremst á úrlausn verkefna sem reyna á megin viðfangsefni námskeiðsins. Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá sem byggt er á í námskeiðinu er að nemandi þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn,

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v í eina önn

Kennari: Halldóra Guðmarsdóttir, MSc Viðskiptafræði, markþjálfari og kennari.

Förðun 08, 09 og 10

Námslýsing: Í valfaginu verður nemendum kennd helstu undirstöðu atriði er kemur að förðun, snyrtifræði og hreinlæti. Nemendur þurfa ekki að hafa neina þekkingu í greininni heldur áhuga á förðun, snyrtifræði og tísku. Áhersluatriði verða farði, skygging, highlighter, augnförðun, varir o.fl. Einnig verður farið í undirstöðuatriði er varðar hreinlæti á húð, förðunarvörur og fleira. Fjallað verður einnig um hvernig tíska og förðun fléttast saman. Nemendur safna saman hugmyndum og myndum sem veita þeim innblástur í rafræna vinnubók.

Námsmat: Vinnuappi, sjálfstæð vinnubrögð, áhugi og mæting.

Kennslugögn: Nemendur koma með sínar förðunarvörur en hafa einnig aðgang að sameiginlegum vörum sem skólinn á.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v í eina önn

Kennari: Birna Friðgeirsdóttir

Ganga og útivist 08,09 og 10

Námslýsing: Farið verður í 4 - 5 göngur, bæði í nágrenninu og á fjöll á höfuðborgarsvæðinu. Gönguvalið er fyrstu 6 – 8 vikurnar á haustönn og síðustu 6 – 8 vikurnar á vorönn. Farið verður yfir nauðsynlegan búnað sem tengist fjallgöngu og útivist.



Markmið eru að nemendur:

- Njóti útivistar, náttúru og hreyfingar
- skilji mikilvægi góðs útbúnaðar.
- sýni ábyrgð í útivist og fari eftir leiðarlýsingum.
- fylgi umgengnisreglum.

Námsmat: Ástundun og markmið metin í hverri göngu.

Kennarar: Ásta Vilhjálmsdóttir og Bjargey Aðalsteinsdóttir

Golfval 08, 09 og 10

Námslýsing: Einstaklingsmiðað nám sem hentar bæði byrjendum og lengra komnum kylfingum.



Nemendur sem hafa litla reynslu af golfi fá að kynnst grunnatriðum leiksins og læra helstu högginn svo sem teighögg, járnhögg, vipp og pútt. Reyndari kylfingar fá tækifæri til þess að auka færni sína með fjölbreyttum æfingum og kennslu. Kennt verður í inniaðstöðu Nesklúbbsins á Austurströnd 5. Í aðstöðunni eru sex golfhermar af fullkomnustu gerð þar sem er hægt að æfa öll möguleg högg ásamt því að spila tugi erlendra golfvalla. Þar er einnig 130 m² púttflöt sem er notuð til þess að æfa vipp og pútt. Áhersla er lögð á að nemendur hafi fulla einbeitingu í kennslustundum og leggi sig ávallt 100% fram.

Námsmat: Símat þar sem ástundun, virkni og framkoma yfir önnina/veturinn er metin.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v allan veturinn.

Kennarar: Pétur Már Harðarson

Grunnur að forritun 08, 09 og 10

Námslýsing: Forritun og þau tungumál sem notuð eru til að forrita tölvur skipa æ stærra þátt í daglegu lífi okkar. Í þessu valnámskeiði ætlum við að prófa okkur áfram með forritun og reyna að tileinka okkur hugsunina á bak við forritun. Það er ekki krafist neinnar kunnáttu í forritun fyrir þetta valnámskeið. Við byrjum saman á byrjuninni og verkefni munu reyna verulega á samvinnu, samskipti og þolinmæði.

Verkefni: Samvinna, forritun, rökhugsun, þrautalausnir verkefna, hönnun, samskipti.

Kennslugögn: Ýmiss konar forritanleg tæki, vefsíður og vélmenni.

Námsmat: Verkefnavinna - þátttaka í tímum lögð til grundvallar.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v í eina önn

Kennari: Birna Friðgeirsdóttir

Handboltaval 08, 09 og 10

Námslýsing: Markmiðið er fyrst og fremst að koma til móts við áhugasama einstaklinga og iðkendur sem vilja leggja ríkari áherslu á handbolta. Áherslur tímana verða grunnþættir handboltans, endurtekningar, skot, vörslur, stöður leikmanna og reynt að snerta á flestum þáttum innan íþróttarinnar. Auðvitað verður líka rík áhersla á grunnþætti í varnarleik og markmenn. Samvinna í minni hópum líkt og tveir á móti tveim fær stóran sess hjá okkur líka. Það er okkar að gera námið áhugavert og stuðla að því að nemendur vilji leggja auka á sig til að ná lengra í sinni íþrótt. Við leggjum upp með að nemendur sé jákvæðir inn á æfingum og leggi sig 100% fram.

Námsmat: Námsmat verður í formi símats þar sem metin er ástundun, framkoma og virkni í tímum yfir önnina/veturinn.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v í eina önn

Kennari: ??



Heimanám 08, 09 og 10

Námslýsing: Það er misjafnt hversu íþyngjandi heimanám reynist nemendum. Þessari valgrein er ætlað að draga úr álagi vegna heimanáms. Nemendum gefst kostur á að fá aðstoð við heimanám og/eða vinna sér í haginn og fá aðstoð við það sem þeim reynist erfitt í náminu.

Ef það kemur fyrir að nemandi eigi ekki eftir að vinna neina heimavinnu á hann samt að nýta báðar kennslustundirnar til náms, verkefnavinnu eða lesturs í samráði við kennara – það er alltaf hægt að vinna meira og betur.

Möguleiki er á að nemendur, sem þess óska, fái námskeið í námstækni innan þessarar valgreinar.

Námsmat: Námsmat byggir á símati eftir hverja kennslustund og fer eftir mætingu, vinnusemi og hegðun.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Kennari: ?

Íslenska- Upprifjun og aðstoð við heimanám 08, 09 og 10

Námslýsing: Íslenska- grunnur er fyrir nemendur sem hafa ekki náð nægjanlega góðum tókum á undirstöðuatriðum íslensku og vilja bæta stöðu sína í faginu. Einnig er þetta valfag ætlað nemendum sem þurfa aðstoð við heimanám í íslensku.

Aðaláhersla verður lögð á að þjálfna grunnatriði í málfræði, stafsetningu og önnur hugtök úr námsefni 7. og 8. bekkjar.

Kennsluaðferðir: Áhersla er lögð á virkni í tímum og verkefnavinnu. Próf eru ekki lögð fyrir í þessum valáfanga.

Námsmat: Námsmat er símat yfir veturinn og tekur mið af eftirfarandi þáttum:

Virgni í kennslustundum, vinnusemi, sjálfstæði og samvinnu.

Að jafnaði er heimavinna ekki sett fyrir í þessum valáfanga en unnin verða verkefni í tíma sem gilda til námsmats.

Kennslugögn: Hefti með verkefnum og málfræðiæfingar á netinu.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v

Kennari: Björg Þorsteinsdóttir

Íþróttaval – heilsurækt 08, 09 og 10

Námslýsing: Markmiðið með því að bjóða upp á val í heilsurækt er fyrst og fremst til þess að nemendur hafi möguleika á því að stunda fjölbreytta hreyfingu við hæfi og öðlist grunnþekkingu á því sviði. Nemendur fá tækifæri til að auka þekkingu sína á sviði heilsu- og líkamsræktar og fá jafnframt fræðslu og þjálfun sem auðveldar þeim að tileinka sér heilsusamlegan lífstíl.

Nemendur auka þekkingu sína á mikilvægi upphitunar sem er ekki síður mikilvægur partur af hreyfingu og líkamsrækt almennt. Almenn hreysti og styrktarþjálfun eru meginhugtök valgreinarinnar en nemendur munu fá góða almenna fræðslu í upphafi hverrar kennslustundar sem stuðlar að heilbrigðum lífstíl, s.s. mikilvægi hollrar fæðu, nægilegs svefns o.s.frv. til að hámarka lífsgæði til framtíðar.

Námsmat: Námsmat verður í formi símats þar sem metin er ástundun, framkoma og virkni í tímum yfir önnina/veturinn.

Kennslustundafjöldi: verður 1x í viku, 80 mínútur í senn.

Kennari: Ægir Steinarsson

Íþróttir – valdar greinar 08, 09 og 10

Námslýsing: Farið verður í íþróttagreinar sem eru öllu jafna ekki kenndar í skólaíþróttum til dæmis pílu, pool, skák, hafnabolta, Ultimate frisbee, Fussball og Amerískan fótbolta svo eitthvað sé nefnt. Grunnatriði íþróttanna verða kennd ásamt helstu reglum og keppnisfyrirkomulagi. Grunnfærni þjálfuð með fjölbreyttum æfingum þar sem við á ásamt spili í litlum hópum. Hver íþróttagrein verður kennd í 1-4 vikur. Áhersla er lögð á að nemendur sýni mikla einbeitingu í öllum kennslustundum og geri sitt besta í öllum kennslustundum.

Námsmat: Símat þar sem ástundun, virkni og framkoma yfir önnina/veturinn er metin.

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v einu sinni í viku, allan veturinn.

Kennarar: Pétur Már Harðarson

Knattspyrnuval 08, 09 og 10



Námslýsing: Með því að bjóða upp á knattspyrnu sem valgrein er markmiðið að koma til móts iðkendur og einstaklinga sem vilja leggja ríkari áherslu á knattspyrnuna. Í tímum vetrarins verður lögð áhersla á grunnþætti knattspyrnunnar svo sem sendingar, skot, knatttækni, gabbhreyfingar o.fl. Þá verður einnig farið út í þjálfun eftir leikstöðum, bæði í varnar- og sóknarleik, þar sem unnið verður með einn á einn, tveir á einn og þrjár á tvo.

Við munum leggja mikið upp úr því að gera námið áhugavert og leggja grunninn að því að einstaklingar vilji leggja aukalega á sig og hugsa vel um sig til þess að ná lengra í íþróttinni.

Þá verður áhersla lögð á það að einstaklingar mæti á æfingar með mikla einbeitingu og leggi sig ávallt 100% fram

Námsmat: Verður í formi símats þar sem ástundun, virkni og framkoma í tímum yfir önnina/veturinn verður metin

Kennslustundafjöldi: 2 kest/v í eina önn

Kennari: Pétur Már Harðarson

Kynfræðsla 08, 09 og 10

Námslýsing: Farið verður yfir fjölbreytt málefni sem falla undir kynfræðslu. T.d. verður fjallað um samskipti kynjanna, klám, samfélagsmiðla, hinsegin kynfræðslu, þungun og barneignir, sjálfsfróun, líkamsmynd, sambönd og mörk svo fátt eitt sé nefnt. Kennslan verður í formi fyrirlestra og umræðna, tímanum lýkur á stuttu tímaverkefni sem safnast saman í lokaeinkunn.

Námsmat: Símat, tímaverkefni.

Kennsla: 2 kest/v í eina önn

Kennari: Starfsmenn Selsins

Náms- og starfsfræðsla 10

Námslýsing: Náms- og starfsráðgjöf felst í því að liðsinna nemendum við að finna hæfileikum sínum, áhugasviðum og kröftum farveg. Mikilvægt er að nemendur fái aðstoð við að leita lausna ef vandi steðjar að í námi þeirra eða starfi í skólanum. Náms- og starfsráðgjafar geta aðstoðað nemendur við að vinna úr upplýsingum um nám sitt og leiðbeint þeim við áframhaldandi nám og starf. Jafnrétti ber að hafa að leiðarljósi í náms- og starfsfræðslu með því að kynna piltum og

stúlkum fjölbreytt námsframboð að loknum grunnskóla og störf af ýmsu tagi. Leitast skal við að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Nauðsynlegt er að kynna fyrir nemendum ný störf og þróun starfa sem fylgja breytingum í nútímasamfélagi. (úr *Aðalnámskrá grunnskóla*, 2013, bls. 47)

Námsmat: Áfanginn er próflaus en áhersla verður lögð á virkni, þátttöku og ástundun nemenda í tímum.

Kennslugögn: Námsfni af vef Menntamálastofnunar auk ítarefnis frá námsráðgjafa.

Kennslufjöldi: 2 kest/v í eina önn

Kennari: Helga Sigríður Eiríksdóttir

Stærðfræði - Grunnur/aðstoð við heimanám 08, 09 og 10

Námslýsing: Stærðfræði - grunnur er fyrir nemendur sem hafa ekki náð nægjanlega góðum tókum á undirstöðuatriðum stærðfræðinnar og vilja bæta stöðu sína í faginu. Einnig er þetta valfag ætlað nemendum sem þurfa aðstoð við heimanám í stærðfræði.

Aðaláhersla verður lögð á að þjálfá grunnatriði í talnafræði, rúmfræði og algebru.

Kennsluaðferðir: Áhersla er lögð á virkni í tímum og verkefnavinnu. Mikil áhersla er lögð á að nemendur þjálfí leikni, auki skilning og ánægju af vinnu með stærðfræði. Unnið verður í litlum hópum og reynt verður að nálgast þarfir sérhvers nemanda eins og kostur er. Unnið er með öll helstu grunnatriði stærðfræðinnar svo sem röð reikniaðgerða, heilar tölur og brot, margföldun, deilingu, undirstöðuatriði rúmfræði og grundvallaratriði algebru. Unnið verður markvisst með kennsluforrit í þeim tilgangi að auka færni nemenda, dýpka skilning, auka leikni og sjálfstraust. Próf eru ekki lögð fyrir í þessum valáfanga.



Námsmat: Námsmat er símat yfir veturinn og tekur mið af eftirfarandi þáttum:

Virkni í kennslustundum, vinnusemi, sjálfstæði og samvinnu.

Að jafnaði er heimavinna ekki sett fyrir í þessum valáfanga.

Kennslugögn sem skólinn útvegar:

„Stærðfræði 3000 Undirstaða Almenn braut“, Höfundar: Lars-Eric Björk ofl., valin verkefni úr Almennri stærðfræði 1, 2 og 3, ítarefni frá kennara og ýmis kennsluforrit.

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Kennari: Brynja Dagmar Matthíasdóttir og Grímur Bjarnason

Stærðfræði – Framhald I 08, 09 og 10

Námslýsing: Áfanginn er fyrir nemendur sem standa vel í stærðfræði. Á haustönn verður unnið með talnareikning, algebru, rökþrautir og verkefni úr stærðfræðikeppnum.

Á vorönn er unnið með rúmfræði, þemaverkefni um fjármál, mengi, rökþrautir og verkefni úr samræmdum prófum.

Hverjum námsþætti lýkur með skilum verkefnamöppu.

Kennsluaðferðir: Nemendur vinna í litlum hópum með raunhæf verkefni og rökþrautir sem reyna á hugmyndaflug og rökhugsun. Áhersla er lögð á að þjálfá innsæi, umræður, samvinnu í verkefnavinnu og að nemendur hafi ánægju af stærðfræði. Valhópurinn tekur þátt í stærðfræðikeppni MR. Áfanginn er góður undirbúningur fyrir stærðfræði – framhald II sem er í boði fyrir 9. og 10. bekk.

Námsmat: Símat sem byggt er á þátttöku/virkni, samvinnu, verkefnaskilum og kynningum verkefna.

Verkefnavinna í skóla og verkefnaskil 80%
 Þemaverkefni: Valverkefni og kynning 10%
 Þemaverkefni um fjármál og kynning 10%
 Að jafnaði er heimavinna ekki sett fyrir í þessum valáfanga. Undantekning frá þeirri reglu er þegar nemendur safna upplýsingum og undirbúa kynningar þemaverkefna.
Kennslugögn: STÆ 103. Höfundur: Jón Þorvarðarson og verkefni frá kennara.
 Ítarefni: Stærðfræðiþrautir og valin verkefni frá kennara.
 Kennsluvefir: nams.is, rasmus.is, skólavefurinn og fleiri námsvefir í stærðfræði.
 Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku.
Kennari: Brynja Dagmar Matthíasdóttir og Grímur Bjarnason

Stærðfræði- Framhald II 09 og 10

Skilyrði þátttöku: Góður árangur í stærðfræði (lágmarkseinkunn B)

Námslýsing og kennsluaðferðir: Kennsla fer fram með hliðsjón af markmiðum fyrsta stærðfræðiáfanga framhaldsskóla. Nemendur vinna einstaklingslega og/eða í litlum hópum með krefjandi raunhæf verkefni sem þjálfar leikni og vinna markvisst með úrlausnarefni sem dýpka skilning. Valhópurinn tekur þátt í stærðfræðikeppni MR.

Áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust og þjálfist í rökhugsun, samvinnu og tjáningu um stærðfræðileg viðfangsefni. Einnig fá nemendur tækifæri til að þjálfar sig í að flytja kynningu með stærðfræðilegum útskýringum. Nemendur vinna með raunhæf úrlausnarefni og rökþrautir. Reglulega verður unnið með verkefni úr stærðfræðikeppnum til að dýpka skilning og þjálfar rökhugsun og auka færni í stærðfræði. Kennsluforrit eru nýtt markvisst t.d. eins og Khan Academy, GeoGebra, Excel og fleiri. Áfanginn er góður undirbúningur fyrir 1. bekk í framhaldsskóla.

Helstu námsþættir: Bókstafareikningur, undirstöðuatriði hornafræði og fræðsla um fjármál. Unnið verður með grundvallarreglur algebru, forgangsroð aðgerða, liðun og þáttun, veldi, ferningsrætur, ferningsreglur og samokareglu. Unnið verður með brot og brotabrot. Jöfnur með einni eða fleiri óþekktum stærðum og annars stigs jöfnur. Farið verður í hlutfalla- og vaxtareikning. Frumhugtök rúmfræði og flatarmyndir. Nemendur vinna þemaverkefni um fjármál þar sem þeir nota vaxtareikning og vinna með heimilisbókhalda.

Námsmat:

Verkefnavinna í skóla og verkefnaskil/möppuskil 80%
 Þemaverkefni um fjármál og kynning 20%
 Að jafnaði er heimavinna ekki sett fyrir í þessum valáfanga. Undantekning frá þeirri reglu er þegar nemendur safna upplýsingum og undirbúa kynningar þemaverkefna.

Kennslugögn: Bókstafareikningur handa 3. bekk. Höf. Gylfi Guðnason, Bjarni Gunnarsson og Sigríður Hlíðar. Útgefandi Menntaskólinn í Reykjavík.

Ítarefni: Stærðfræðiþrautir, stærðfræðikeppnin og valin verkefni frá kennara.

Kennslustundafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Kennari: Brynja Dagmar Matthíasdóttir og Grímur Bjarnason



Vísindavaka, verklegar æfingar (tilraunir) 09 og 10

Námslýsing: Í verkefninu Vísindavöku er unnið eftir grunnhugmyndum leitarnáms (inquiry based learning) sem er kennsluaðferð sem leitast við að fylgja ferli vísinda með því að spyrja spurninga, afla upplýsinga, greina þær og gera þeim skil. Í byrjun framkvæmum við tilraunir sem tengjast

eðlis- og efnafræði, öðlumst færni í vísindalegum vinnubrögðum þeim tengdum og skráum niðurstöður í skýrslum. Seinni hluta námskeiðsins hanna nemendur sína eigin tilraun út frá rannsóknarspurningu, fylgja ferli vísinda og bjóða yngri nemendum á vísindasýningu og kynna niðurstöður sínar. Með því að fylgja ferli vísindanna öðlumst við innsýn í hug vísindafólks og getum þannig gert okkur grein fyrir því hversu ótrúlega spennandi, krefjandi og áhugaverð vísindin eru. Þau útheimta vissulega þolinmæði og þrautseigju, en með réttu aðferðunum getur eitthvað ótrúlegt gerst. Hægt er að skoða betur hugmyndafræði Vísindavöku á þessari slóð: <http://visindavaka.natturutorq.is>

Markmið: Að nemendur æfi sig í að vinna eftir ferli vísinda, læri orðið „breyta“ og geti beitt því, geti útskýrt athugun á vísindalegan hátt fyrir öðrum og þjálfist í að koma fram og kynna fyrir öðrum

Kennsluaðferðir: Áhersla er lögð á verklegar æfingar.

Námsgögn: Lesefnis sem kennari tekur saman og dreifir til nemenda, heimildarmyndir og ýmis verkefni frá kennara. Lesefni sem nemendur finna, er tengist þeirra áhugasviði og rannsóknarspurningu.

Námsmat: Skýrslur og kynningar á niðurstöðum verða metnar út frá völdum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, sem og virkni og þátttaka í tímum.

Kennslustundafjöldi: 2 kestr/v í eina önn

Kennari: Laufey Alda Sigvaldadóttir

Yoga og slökun 08, 09 og 10



Námslýsing: Kynning á ýmsum tegundum af yogatímum, s.s. Hatha, Kundalini og Yin Yoga. Í Hatha jóga er unnið með hatha jógastöður (asana), öndun (pranayama) og slökun. Mismunandi útfærslur verða teknar fyrir, svo sem yoga-flæði. Áhersla er á sterka miðju og sveigjanleika. Flæðandi, líflegur og krefjandi tími sem mun efla innri kraft og tilgang og góð slökun í lokin.

Námsmat: mæting og virkni í tímum

Kennslustundir: 2 kestr/v í eina önn

Kennari: Bjargey

Nám utan skóla 08, 09 og 10

Námslýsing: Sérstaklega skal bent á það að nemendur geta fengið nám t.d. við tónlistarskóla, myndlistarskóla, skákskóla, reiðskóla, málaskóla eða ballettskóla metið sem 2 kennslustundir á viku. Einnig er hægt að fá metna þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi (svo sem hjá Gróttu), félagsstarfi eða sjálfbóðaliðastarfi til tveggja kennslustunda. Skilyrði er að viðkomandi skólar haldi utan um mætingar og virkni nemenda. Val af þessu tagi fellur undir frjálst val nema sérstaklega sé samið um annað. Sæki nemendur í 9. eða 10. bekk nám á tveimur stöðum utan skólans fá þeir hvort um sig metið sem 2 kestr/v.

Kennslustundafjöldi: 2- 4 kestr/v

VARAÓSKIR

Nemendur verða að setja fram *varaóskir*

8. bekkur þarf að velja eina listgrein, eina verkgrein og eina grein úr hvaða flokki sem er.

7. og 9. bekkur velur eina námsgrein sem má vera úr hvaða flokki sem er

